

Fundur hjá fjallskilastjórn Víðdælinga miðvikudaginn 7.3. 2012 kl. 13:00

Sigtryggur Sigurvaldason setti fund, Marianna Eva Ragnarsdóttir skrifaði fundargerð.

1. Formaður fór yfir sundurliðun kostnaðar vegna fjallskila 2011. Heildargjöld kr. 2.345.675,- Heildartekjur kr. 2.304.313,- Tap af rekstri kr. 41.362,-
2. Fjárframlög 2012. Gert er ráð fyrir eftirfarandi fjárframlögum til Fjallskiladeildar Víðdæling:
  - v/ Víðidalstunguréttar kr. 400.000,-
  - v/Fellaskála kr. 200.000,-
  - v/ Haugakvíslarskála kr. 150.000,-
  - v/ viðhalds annarra skála kr. 150.000,-Landbúnaðarráð mun gera tillögu um skiptingu kr. 1.600.000,- fjárveitingar til viðhalds heiðagirðinga á árinu 2012.
3. Rætt um breytingar á fjallskilareglugerð í kjölfar sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra. Breyta þyrfti dagsetningu á Víðidalstungurétt þannig að fyrstu réttir verði á laugardegi á tímabilinu 6. -12. September.
4. Stefnt að almennum fundi í fjallskiladeildinni fimmtudagskvöldið 29. Mars næstkomandi,.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15:30.

Marianna Eva Ragnarsdóttir(sign.) Júlíus Guðni Antonsson(sign.),  
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).